



Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi

Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar og áhrifaþætti þeirra. Birting lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi er liður í því að veita yfirsýn yfir stöðuna í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísur er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í sínu umdæmi, finna styrkleika og veikleika og skilja þarfir íbúanna þannig að þau geti unnið saman að því að bæta heilsu og líðan.

Hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og líðan?

Heilsa og líðan geta verið breytileg eftir þáttum sem ekki er hægt að breyta, s.s. aldri, kyni og erfðafræðilegum þáttum en einnig þáttum sem hafa má áhrif á. Þar má nefna lífnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði og hreyfingu, samskipti við fjölskyldu og vini auk lífsskilyrða eins og menntun, atvinnu, húsnæði, heilbrigðis- og félagsþjónustu (Dahlgren G, Whitehead M, 1991). Þessir þættir geta ýmist stuðlað að betri heilsu eða aukið líkur á sjúkdómum. Aðgerðir sem stuðla að bættu vinnuumhverfi og skólaumhverfi geta t.d. stuðlað að betri heilsu og líðan og dregið úr ójöfnuði. Svæðisbundnir lýðheilsuvísar geta nýst þeim samfélögum sem vilja leggja áherslu á heilsu og líðan þegna sinna með aðild að Heilsuefandi samfélagi og Heilsuefandi skóla.

Svæðisbundinn munur á heilsu – ójöfnuður

Svæðisbundinn munur á heilsu, líðan og áhrifaþáttum þeirra er þekktur um allan heim. Almenn er lítið vitað um svæðisbundinn mismun á heilsu og líðan á Íslandi en þó benda rannsóknir til þess að einhver mismunur sé til staðar. Til að draga sem mest úr svæðisbundnum mun á heilsu og líðan þarf að fylgjast með mælingum sem gefa þennan mun til kynna og miðla upplýsingunum til þeirra sem starfa á vettvangi. Stýrihöpar Heilsuefandi samfélaga og skóla geta þannig nýtt sér lýðheilsuvísa til að setja fram áætlun sem miðar að því að efla þá þætti sem þeir vilja leggja áherslu á.

Val á lýðheilsuvísur

Við val á lýðheilsuvísur var sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Einnig var leitast við að draga fram þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum.

Gögn

Íslendingar eiga margskonar landsskrár um heilsu og sjúkdóma, s.s. dánarmeinaskrá, fæðingaskrá, krabbameinskrá, lyfjagagnagrunn o.fl. og eru gögn úr þessum skrár nýtt til þess að reikna lýðheilsuvísa. Ekki eru til sambærilegar landsskrár um lífnaðarhætti, þ.e. mataræði, hreyfingu, tóbaksneyslu o.s.frv. Mikilvægar gagnalindir sem hér eru nýttar til að meta lífnaðarhætti landsmanna eru kannanir á borð við *Heilsu og líðan Íslendinga* sem er framkvæmd á 5 ára fresti meðal fullorðinna og þýðisrannsóknir á högum skólabarna, bæði *Ungt fólk*, sem framkvæmd er af Rannsóknunum og greiningu, og *Heilsa og lífskjör skólanema*, sem framkvæmd er af Háskólanum á Akureyri. Stefnt er að því að birta upplýsingar úr þeim gögnum sem eru nýjust hverju sinni.



Dahlgren G, Whitehead M. 1991. Policies and Strategies to Promote Social Equity in Health. Stockholm, Sweden: Institute for Futures Studies.

Höfuðborgarsvæðið

Hér á eftir eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir höfuðborgarsvæðið eru frábrugðnar tölum fyrir landið í heild.

- Hærra hlutfall barna í 8.–10. bekk með hæstu gildi á vel-líðanarkvarða.
- Færri fullorðnir meta líkamlega heilsu sína sæmilega/lélega.
- Tíðni sykursýkislyfjanoftkunar er lægri.
- Hlutfallslega fleiri framhaldsskólanemar prófuðu kannabis sl. 12 mánuði.
- Hlutfallslega færri fullorðnir nota virkan ferðamáta til vinnu/skóla.
- Tíðni sýklalyfjanoftkunar meðal barna undir 5 ára er hærri.



- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki er prófað fyrir marktækni
- I Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

Lýðheilsuvísir		Umdæmi	Ísland	Eining	Höfuðborgarsvæðið
Íbúar	1 Íbúafjöldi 2015	212.451	330.815		
	2 Kynjahlutfall	0,99	1,01	kk/kvk	
	3 Íbúafjöldi (fjölgun/fækkun)	5,4	4,0	%	
	4 Íbúar ≥ 80 ára	3,6	3,7	%	
Lífs- aðstæður	5 Háskólamenntaðir	43,8	36,2	%	
	6 Eiga erfitt með að ná endum saman	24,9	27,1	%	
	7 Frestað/hætt við læknisheimsókn v. kostnaðar	7,5	7,2	%	
	8 Fæðingar mæðra <20 ára	6,9	9,0	Á 1.000	
Lífnaðarhættir	9 Hamingja fullorðinna	66,4	66,5	%	
	10 Velliðan fullorðinna	21,4	20,9	%	
	11 Velliðan (8.-10. b.)	19,9	18,0	%	
	12 Einelti (6. b.)	6,2	7,1	%	
	13 Einmanaleiki (8.-10. b.)	12,3	12,6	%	
	14 Stuttur svefn (8.-10. b.)	40,9	40,7	%	
	15 Streita fullorðinna	10,4	11,3	%	
	16 Virkur ferðamáti í vinnu/skóla, fullorðnir	16,2	20,0	%	
	17 Hreyfing skv. ráðleggingum (10. b.)	20,2	20,1	%	
	18 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	8,8	7,7	%	
	19 Gosdrykkjaneysla framhaldsskólanema	20,0	19,9	%	
	20 Tannburstun fullorðinna	76,6	73,9	%	
	21 Ölvunardrykkja fullorðinna	6,2	5,3	%	
	22 Ölvunardrykkja framhaldsskólanema	46,3	44,7	%	
	23 Reykingar fullorðinna	11,8	12,4	%	
	24 Tóbak í vör, framhaldsskólanemar, <u>kk</u>	23,6	22,8	%	
25 Kannabisneysla framhaldsskólanema	22,9	19,8	%		
26 Öfbeldi, fullorðnir þolendur	1,7	1,4	%		
Heilsa og sjúkdómar	27 Meta líkamlega heilsu sæmilega/lélega	19,7	23,1	%	
	28 Meta andlega heilsu sæmilega/lélega	16,5	17,8	%	
	29 Líkamsþyngdarstuðull ≥ 30	19,6	22,2	%	
	30 Langv. neðri öndunarfærásjúkd., sjúkráhuslegur	176,5	194,6	Á 100.000	
	31 Þunglyndislyfjanotkun	109,2	107,6	DPD	
	32 Sykursýkislyfjanotkun	38,3	39,8	DPD	
	33 Kransæðaaðgerðir	45,1	47,6	Á 100.000	
	34 Dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma, <u>kvk</u>	169,1	176,5	Á 100.000	
	35 Nýgengi krabbameina, <u>kk</u>	567,9	552,1	Á 100.000	
	36 Nýgengi krabbameina, <u>kvk</u>	469,2	455,6	Á 100.000	
	37 Dánartíðni vegna slysa	23,6	25,1	Á 100.000	
	38 Sýklalyf < 5 ára	1319,1	1236,1	Ávísanir/1.000	
	39 DTaP bólusetting, 4 ára	89,8	90,1	%	
	40 Leghálskrabbameinsskoðun	74	73	%	
	41 Brjóstamyndataka	59	60	%	
	42 Biðlisti eftir hjúkrunarrými, aldraðir	5,2	7,9	Á 1.000	
	43 Heilsugæsluheimsóknir	2,5	2,7	Á íbúa	
	44 Sérfræðingsheimsóknir	1,8	1,5	Á íbúa	

Skýringar

1. Hagst. 2015. 2. Hagst. 2015. 3. Hagst. 2010-2015. 4. Hagst. 2015. 5. Hagst. 2015. 25-74 ára. 6. H&L. 2012. 7. H&L. 2012. 8. Fs. 2011-2015. Aldursst. 9. H&L. 2012. Svára 8-10 á hamingjukvarða (0-10). 10. H&L. 2012. Skora 31-35 á SWEMWBS kvarða (7-35). 11. R&G. 2016. Skora 31-35 á SWEMWBS kvarða (7-35). 12. HBSC. 2013-2014. Orðið fyrir einelti í skóla a.m.k. 2 í mán. sl. mánuði. 13. R&G. 2016. Oft einmans sl. viku. 14. R&G. 2016. ≤ 7 kist/nóttu. 15. H&L. 2012. Skora 9-16 á PSS-4 kvarða (0-16). 16. H&L. 2012. Ganga/hjóla ≥ 3x í viku. 17. HBSC 2013-2014. Hreyfing ≥ 60 mín./dag, 7 daga vikunnar. 18. H&L. 2012. Borða grænmeti ≥ 2x/dag og ávexti ≥ 2x/dag. 19. R&G. 2013. Sykraðir og sykurlausir ≥ daglega. 20. H&L. 2012. ≥ 2/dag. 21. H&L. 2012. 5+ drykkir/dag ≥ 1x/viku. 22. R&G. 2013. ≥ 1x sl. mán. 23. H&L. 2012. Daglega. 24. R&G. 2013. ≥ 1x sl. mán. 25. R&G. 2013. Prófað sl. 12 mánuði. 26. H&L. 2012. Líkamlegt eða kynferðislegt sl. 12 mán. 27. H&L. 2012. 28. H&L. 2012. 29. H&L. 2012. Fullorðnir 30. Vss. 2010-2014. ICD-10: J40-J44.9, J47 (ekki Asmi). Aldursst. 15 ára-. 31. Lgg. 2010-2014. ATC: N06A. Aldursst. DPD: Skilgr. dagsk. 1000 íbúa/dag. 32. Lgg. 2010-2014. ATC: A10. Aldursst. DPD: Skilgr. dagsk. 1000 íbúa/dag. 33. Vss. 2010-2014. NCSF: FNC, FND, FNE. Aldursst. 34. Dms. 2010-2014. ICD-10: i00-i99. Aldursst. 35. Krs. 2005-2014. Öll mein. Aldursst. 36. Krs. 2005-2014. Öll mein. Aldursst. 37. Dms. 2010-2014. ICD-10 V01-X59, Y85-Y86. Aldursst. 38. Lgg. 2010-2014. ATC: J01. Aldursst. 39. Bss. 2014. Uppsafnað, árgangur 2009. 40. Krs. 2014. Uppsöfnuð 3,5 ára mæting 23-65 ára. 41. Krs. 2014. Uppsöfnuð 2 ára mæting 40-69 ára. 42. Fhs. 2015. 67 ára+. 43. Sh. 2014. Öll viðtöl. 44. Sí 2014.

Marktækt er miðuð við 95% öryggismörk (p<0,05).

Aldursstöðlun er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Sama staðalþýðið er notað fyrir öll heilbrigðisumdæmi, konur og karla. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er túlkuð sem sú tíðni sem fengist hefði ef aldursdreifing hvers heilbrigðisumdæmis væri sú sama og í staðalþýðinu (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

Gögn: Bólusetningaskrá (Bss), Dánarmeinaskrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Færni- og heilsumatsskrá (Fhs), Hagstofa Íslands (Hagst.), HBSC. Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC), Heilsa og líðan Íslendinga (18-79 ára) (H&L), Krabbameinsskrá (Krs), Lyfjagagnarunnur (Lgg), Rannsóknir og greining (R&G), Samskiptaskrá heilsugæslustöðva (Sh), Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), Vistunarskrá sjúkrahúsa (Vss).